Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að breytingum á samþykktum lífeyrissjóðsins

Fyrir aukaársfund mánudaginn 16. nóvember 2026

A. Breytingatillaga

Lagt er til að aukaársfundur samþykki hjálagðar tillögur að samþykktabreytingum sem fela í sér nýtt heiti sjóðsins.

Grein 1.1.: Nafn sjóðsins og heimili

Grein 1.1 í samþykktum LV sem er nú svohljóðandi: „Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Erlent hjáheiti sjóðsins er Pension Fund of Commerce“.

Lagt er til við stjórn að ákvæðið verði svohljóðandi: „Sjóðurinn heitir Lifa lífeyrissjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.”

Grein 25: Gildistaka

Varðandi gildistökuákvæði er lagt til svofellt ákvæði sem verður ný málsgrein við grein 25: „Breyting á grein 1.1 um heiti sjóðsins, sem samþykkt var á aukaársfundi 16. nóvember 2026 tekur gildi við skráningu hins nýja heitis í Fyrirtækjaskrá, enda hafi hún áður hlotið staðfestingu ráðherra.“

B. Greinargerð

Um grein 1.1.: Nafn sjóðsins og heimili

Með breytingu á grein 1.1 er lagt til að firma heiti Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verði breytt í Lifa lífeyrissjóður. Breytingin byggir á stefnumörkun sjóðsins og er liður í breyttum áherslum í staðfærslu sjóðsins.

Breytingin felur einnig í sér að horfið verður frá því að hafa enskt hjáheiti fyrir sjóðinn. Gildandi enska hjáheitið var tekið upp til að forðast misskilning og ruglingshættu. Það byggði m.a. á því að áður en það var tekið upp var heitið ”The Pension Fund of Commerce” gjarnan notað í erlendum samskiptum.

Það er mat sjóðsins að ekki sé sama þörf fyrir enskt hjáheiti þar sem nýtt heiti sjóðsins er þjálla en það sem nú er. Því er gert rá

ð fyrir að hið nýja íslenska heiti verði eingöngu notað í samskiptum við ytri aðila, jafnt innlenda sem erlenda.

Um grein 25: Gildistaka

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

29. október 2026